

Sb. 92. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um könnun á rekstrarhorfum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Flm.: Jónas Árnason, Stefán Jónsson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að kanna rekstrarhorfur járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Verði störfum nefndarinnar hraðað sem mest má verða. Leiði könnun í ljós að fyrirsjáanlegt tap verði af fyrirtæki þessu skulu framkvæmdir á Grundartanga stöðvaðar tafarlaust og leitað skynsamlegra ráða til að hagnýta aðstöðuna þar.

Greinargerð.

Járnblendiverksmiðjumálið hefur í tvígang verið afgreitt með lögum frá Alþingi, enda þótt þjóðhagsleg nytsemi fyrirtækisins hafi verið vefengd mjög sterklega, að ekki sé dýpra tekið í árinna, þar á meðal arðsemishliðin, sbr. álit ýmissa sérfræðinga. Í fyrra sinnið, er samþykkt voru löginn um samstarf við Union Carbide, mun meiri hluti þingmanna hafa goldið jáyrði sitt í trú á ríkulegan ávöxt. Í síðara skiptið höfðu ýmsir þingmenn það við orð, að nú væri stuðningur þeirra sprottinn af lítilli hjartsýni, öllu fremur illri nauðsyn og von um að Eyjólfur kynni að hressast.

Flutningsmenn munu ekki að þessu sinni fjölyrða um mengun, mannlífsröskun né aðra slíka þætti málsins, sem meiri hluti háttvirtra alþingismanna hefur skotið skollaeyrum við fram til þessa, og standa þau rök þó enn óhrakin, að af þeim ástæðum einum hefði Alþingi átt að segja þvert nei við þessu máli. Lítum þessu sinni aðeins á efnahagshlið málsins, sem þingmeirihlutinn hefur látið afstöðu sína ráðast af, og skoðum meðfylgjandi gögn, sem tveir sérfræðingar (Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur og Elías Davíðsson kerfisfræðingur) lögðu fram fyrir fáeinum dögum:

HORFUR JÁRNBLENDIVERKSMIÐJUNNAR

Áfangaskýrsla — 1. nóv. 1977

Rétt fyrir afgreiðslu frumvarps um járnblendiverksmiðju, nánar tiltekið 8. apríl 1977, sendum við undirritaðir alþingismönnum og fjölmiðlum skýrslu er við kölluðum „Járnblendiverksmiðjan — Vafasamt fyrirtæki“.

Þar gerðum við nokkra grein fyrir framtíðarhorfum verksmiðjunnar. Við gerðum m. a. grein fyrir markaðshorfum, þróun verðlags hráefna og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á arðsemi verksmiðjunnar. Niðurstaða okkar var, að líkur á taprekstri verksmiðjunnar væru yfirgnæfandi á sama tíma og gera má ráð fyrir hagnaði samstarfsaðilans, Elkem-Spigerverket. Allt þetta var rökstutt í umræddri skýrslu með orðum og tölum.

Nú eru 6 mánuðir liðnir frá því skýrslan var birt, en frumvarpið var þá samþykkt og framkvæmdir hafnar. Það er því við hæfi að íhuga, hvernig markaðsmálin hafi þróast frá þeim tíma, og kanna framtíðarhorfur á nýjan leik.

1. Markaðshorfur á kísiljárn og stáli.

Í skýrslu okkar frá því í apríl segjum við m. a.:

„Undanfarna mánuði hafa komið fram í erlendum blöðum og tímaritum at-
hyglisverðar upplýsingar varðandi stálmarkaðinn (en við stálframleiðslu er megin-
hluti kísiljárns notaður), sem allar benda til þess, að nú standi yfir ein mesta
kreppa í stáliðnaði frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Menn eru greinilega
mjög uggandi um framvindu mála og er engan veginn séð fyrir endann á þessu
ástandi stálmarkaðarins. Japanir og ýmis þróunarlönd hafa hug á að ná umtals-
verðum ítökum á stálmörkuðum heimsins. Þessi ríki hafa tryggt sér fjármagn og
tæknibekkingu til þess að byggja upp sinn eigin stáliðnað. Þetta hefur valdið því
að í náninni framtíð má gera ráð fyrir aukinni framleiðslugetu umfram eftirspurn.

Hætt er við að hin aukna framleiðslugeta á stáli muni leiða til langvarandi
verðstriða, svo sem þeirra sem vestrænir stálframleiðendur hafa háð við Japani
að undanförunu. Í þeirri viðureign nafa Japanir farið með sigur af hólmi, enda búa
þeir yfir nýupbyggðum tækniþróuðum stálverum, sem veita þeim mikið svigrúm
til að bjóða framleiðslu sína á mun lægra verði en áður hafði tíðkast.“

Þessi þróun hefur að sjálfsögðu áhrif á þróun markaðsmála járnblendiverk-
smiðjunnar. Mest af kísiljárn verksmiðjunnar er ætlað evrópskum stálverum, sem

vinna nú með mjög lágum afköstum (um 60%) og hafa orðið að losa sig við þúsundir starfsmanna. Um þetta ástand segir ársþriðjungsskýrsla Elkem-Spigerverket (þ. e. yfir tímabilið jan.—apríl 1977):

„Hið veika markaðsástand, sem var á síðustu mánuðum ársins 1976, hélt áfram árið 1977. Evrópski stáliðnaðurinn — sem er stærsti viðskiptaaðili járnblendideildar E-S — starfar enn með minnkuðum afköstum. Þetta hefur leitt til lakari sölu járnblendis auk þess að verðið hefur hrapað gífurlega.“

Og í ársþriðjungsskýrslunni kemur fram í beinu framhaldi af áður sögðu:

„...verðið hefur hrapað gífurlega. Ástandið er eitthvað skárra í öðrum deildum. Jafnvel þótt ástand stálmarkaða valdi erfiðleikum, þá heldur járnblendideildin áfram að skila hagnaði.“

Nú viljum við minna á, að miðað við þessar markaðsaðstæður, sem hafa verið óbreyttar síðan 1976, mundi Íslenska járnblendifélagið koma út með miklum halla, sbr. áætlun fyrir árið 1976, tafla I, sem kemur fram í skýrslu okkar frá því í apríl og ekki hefur verið mótmælt með rökum. Hitt vissu þingmenn e. t. v. ekki, að við sömu kringumstæður mundu verksmiðjur E-S í Noregi koma út með hagnaði. Þetta ósamræmi í rekstrarafkomu Járnblendifélagsins annars vegar og verksmiðja E-S hins vegar bendir til þess að hagnaður Járnblendifélagsins komi fram annars staðar en á Íslandi.

Yfirráð E-S yfir öðrum hlutum framleiðsluferilsins veitir því ágæta aðstöðu til þess að hagræða verði á hráefnum til verksmiðjunnar, svo og skilaverði til hennar. Það er óraunhæft að reikna með öðru en að E-S noti sér þessa aðstöðu sína. Það er hins vegar undarlegt að Íslendingar geri sjálfir minni arðsemiskröfur til járnblendiverksmiðjunnar en E-S treystir sér að gera til sinna eigin verksmiðja.

Markaðsmál stál- og járnblendiiðnaðarins eru síður en svo skammtíma vandamál, eins og sumir vilja gjarnan trúá. Um langtíma afleiðingar þeirrar þróunar, sem á sér stað á þessu sviði, segir m. a. Norsk Handels og Sjöfarts Tidende frá 18. júlí 1977:

„(...) í dag er ekki hægt að spá um hvort framtíðarviðskipti í stáli í heiminum verði afgreidd með milliríkjasamningum, eða hvort við erum á leiðinni að viðskiptastriði. Nú þegar eru mörg dæmi þess, að viðskiptin séu afgreidd með stjórnmálalegu og efnahagslegu valdi („ved politisk og økonomisk makt“).“

Í þessari grein kemur einnig fram að stálframleiðslan á vesturlöndum (þ. e. Bandaríkin og þátttökuríki CECA) hefur minnkað um 1.5% á tímabilinu 1966—1976. Á sama tímabilinu hefur heimsframleiðslan hins vegar aukist um 45%.

Og sama dagblað frá því 8. okt. 1977 segir í fyrirsögn:

„Stálkreppan er alþjóðleg: Davignon-áætlunin fór út um þúfur.“ (Staalkrisen er global: Davignon-planen har mislyckes).

Davignon-áætlunin miðar að því að rétta hlut stálframleiðenda í Evrópu með setningu lágmarksverðs á stáli svo og með sérstökum styrkveitingum til hagræðingar í stáliðnaðinum (sbr. skýrslu okkar frá því í apríl s. l.).

Það er því greinilegt að:

- a. Framboð á stáli mun aukast á næstu árum, einkum vegna uppbyggingar nýrra stálvera utan Evrópu.
- b. Stálviðskipti í heiminum munu ráðast annaðhvort af lögmálum hins „frjálsa markaðar“ og leiða til hruns hins vestræna stáliðnaðar, eða þá að milliríkjasamningar og aukin afskipti opinberra aðila af framleiðslu og verðlagi munu koma á jafnvægi á stálmörkuðum heimsins. Til þess að hin síðari leið verði farin þarf algera endurskoðun á afstöðu vesturlanda til grundvallarhugtaka, s. s. „frjáls markaðslögmál“ o. þ. h. Það er hins vegar óútkljáð, hvort slíkt er gerlegt. Meiri líkur eru hins vegar á því að stálfyrirtæki vesturlanda flytji framleiðslu sína til þróunarlanda, þar sem vinnuafli er ódýrari og kröfur um mengunarvarnir minni. Umsögn R. McNamara, forseta Alþjóðabankans, og

annarra aðila um að framleiðsla færi í auknum mæli fram í þróunarlöndum (sbr. Norsk Handels og Sjøfarts Tidende 27.9.77), bendir til þess að sú leið verði farin.

Þessi þróun hefur eftirfarandi hagræn áhrif á afkomu íslensku járnblendiverksmiðjunnar:

Þar sem markaðir munu að öllum líkindum fjarlægjast, mun flutningskostnaður á afurðum verksmiðjunnar aukast, en skilaverð til verksmiðjunnar minnka að sama marki, eigi söluverðið að vera samkeppnishæft. Þótt erfitt sé að henda reiður á þessari þróun, bendir hún ótvírætt í eina átt: að lækkuðu skilaverði til verksmiðjunnar.

Með flutningi stálvera til þróunarlanda er ekki ólíklegt, að þar verði einnig byggðar járnblendiverksmiðjur í sambandi við stálverin. Sala bræðsluofna frá Elkem-Spigerverket til þróunarlanda bendir í þessa átt. Slík þróun mun vafalaust — þegar fram í sækir — hafa óheillavænleg áhrif fyrir rekstrargrundvöll járnblendiverksmiðjunnar, og er ástandið nógu slæmt eins og það er.

2. Hráefnismálin.

Í samtali við Jón Steingrímsson, starfsmann Járnblendifélagsins, í apríl s. l. var okkur tjáð, að gert hafi verið ráð fyrir í kostnaðarútreikingum félagsins að kvars yrði keypt í Noregi. Einnig kom fram í samtalinu, að kostnaður við innkaupin er að mestu leyti flutningskostnaður, en að hráefniskostnaðurinn sjálfur væri ekki nema um 25% af innkaupsverði kvars.

Nú koma fram upplýsingar í norskum blöðum um, að kvarsframleiðsla í Noregi sé að verða óhagkvæm vegna samkeppni frá öðrum löndum.

Í grein, sem birtist í Norsk Handels og Sjøfarts Tidende frá 15. apríl s. l., kemur fram að Borgestad Fabrikker í Skien hafi minnkað umsvif náma sinna í Gullnes (Vest-Telemark). Ástæðan er sögð vera hin mikla samkeppni frá hagkvæmari framleiðslulöndum. Þótt um sé að ræða sérstaka kvarstegund, má búast við að sömu lögmál um samkeppnisaðstöðu gildi um þessar námur og um aðrar kvarsnámur, enda er sagt að aukinn launakostnaður sé aðalvaldur þessarar þróunar.

Enn viljum við vitna til ummæla okkar úr áðurnefndri skýrslu varðandi þróun hráefniskostnaðar. Þar segir:

„Undanfarin ár hefur (...) verð á hráefnum til iðnaðar farið mjög hækkandi og er kísiljárníðnaður engin undantekning í þessu sambandi. Séu skoðaðar almennar hráefnisvísitölur (t. d. vísitala MOODY's frá Bandaríkjunum, vísitala REUTERS frá Bretlandi og vísitala The Economist fyrir iðnað í Bretlandi), kemur í ljós að hráefnisverð hefur aukist allt að því tvöfalt hraðar en markaðsverð á kísiljárni.“

Þegar haft er í huga, að um eða yfir 40% rekstrarkostnaðar járnblendiverksmiðjunnar eru hráefniskostnaður, hlýtur þróun hráefnisverðs að skipta meginmáli í mati á hagkvæmni verksmiðjunnar yfirhöfuð.

3. Ofnamálið.

Í upplýsingum, sem ekki voru tiltækar í apríl s. l., kemur fram, að miklar líkur eru á því, að samningar um ofnakaup frá Elkem-Spigerverket hafi verið viðskiptaleg afgangur.

Í áðurnefndri ársþriðjungsskýrslu Elkem-Spigerverkets segir m. a.:

„Stærsti samningur (verkfræðideildar E-S) var um afgreiðslu járnblendiofns með tölvustýringu, gashreinsunarútbúnað og pelletization-útbúnað til Íslenska járnblendifélagsins. Samningar hafa einnig verið gerðir um afgreiðslu tveggja ofna til Brasilíu (...). Það er ástæða til að halda að samningamagn þessa árs verði minna en 1976. Ýmsar orsakir liggja að baki.“

— Efnahagsástandið leiðir til minnkandi fjárfestinga í slíkum útbúnaði.

— Samkeppnisaðstaða Elkem-Spigerverkets á alþjóðamarkaði hefur veikst vegna hins háa framleiðslukostnaðar í Noregi og vegna erfiðleika E-S að bjóða viðskiptavinum sínum viðunandi lánaþingreiðslu.“

Eins og menn vita, var það skilyrði af hálfu E-S, að Íslenska járnblendifélagið keypti járnblendiofna frá E-S á því verði sem E-S setti upp. Ekki er vitað til þess, að útböð hafi verið gert á alþjóðamörkuðum til að bera saman verð og kanna hagkvæmni þessa samnings. Eftir fréttinni frá skýrslu E-S að dæma hefur E-S tekist, þrátt fyrir lélega frammistöðu á alþjóðamörkuðum, að láta Íslendinga kaupa af sér ofna.

Ásmundur Ásmundsson, verkfr.

Elías Davíðsson, kerfisfr.